

Fundur samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 18. janúar 2010.

Fundinn sátu á Ísafirði Sigurður Pétursson, formaður,

Í síma frá Tálknafirði Eyrún I Sigþórsdóttir, frá Bassastöðum, Guðbrandur Sverrisson og frá Reykhólahreppi, Gústaf Jökull Ólafsson.

Auk þess sat fundinn, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga.

1. Frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum af Dýrafjarðargöngum.

Frummatsskýrsla frá Náttúrurstofu Vestfjarða kynnt. Ánægja er með skýrsluna og einnig ábendingar frá skrifstofu FV.

2. Ályktun fundar 28. nóvember haldinn á Ísafirði og fjallaði um

Dýrafjarðargöng og Dynjandisheiði yfirskrift ályktunar er "áfram vestur"

Ályktun um Dynjandisheiði kynnt. Fundurinn var fjölmennur en hann var haldinn á Ísafirði. Samgönguráðherra var viðstaddur fundinn og forsvarsmenn samgönguyfirvalda. Sama dag var slegið í gegn í Óshlíðargöngum. Stjórn FV lýsti yfir ánægju með fundinn enda er hann í takt við stefnu FV.

3. Rætt um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar, niðurskurður er á vetrarþjónustu, í snjómokstri, flugi og siglingum.

Fjallað var um nálgun Vegagerðar á viðfangsefnið vetrarþjónusta og þarf að skoða þá nálgun í ljósi annarra stefnuviðmiða stjórnvalda s.s. sparnað í ríkisrekstri á móti þeim markmiðum að hafa sem mest flæði þjónustu, afurða og hráefnis fyrir atvinnulíf og forsendur stjórnvalda um jöfnuð búsetuskilyrða. Hér er ekki eingöngu horft til vegarþjónustu heldur einni ferjur og flugsamgöngur.

- a. Fjallað um snjómokstursreglur Vegagerðarinnar.
- b. Fjallað um fækkun flugferða á sumrin í Árneshrepp og á Bíldudal.
- c. Fjallað um snjómokstur í Árneshreppi.
- d. Fjallað um mokstur um HrafNSEYRARHEIÐI.
- e. Fjallað um nauðsýn þess að halda uppi snjómokstursþjónustu, með vísan til sameiningar sveitafélaga.

- f. Fjallað um niðurskurð í mokstursdögum í Barðastrandasýslu og Ísafjarðarsýslu og nauðsýn þess að fá aftur sama mokstursdagafjölda og áður var. Formanni falið að gera bókun vegna þessa fyrir næsta fund.

4. Vestfjarðavegur 60. Greinargerð vegagerðar frá í desember 2009

Tekin til umræðu skýrsla Vegagerðar (60), Þorskafjörður-Kjálkafjörður. Greinargerð um stöðu mála, frá desember 2009.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15